

Fundur 6. október 2010

Mættir eru: Særún, Lára, Axel, Karen, Sólveig, Reynir og Hildur Kristín.

- Fyrsta mál á fyrsta stjórnarfundum var að kynna sig.
- Annað mál að skipta með okkur verkum. Samþykkt verkaskipting er svohljóðandi:
 - Sigurður formaður
 - Karen varaformaður (tengiliður við röltnefnd)
 - Axel gjaldkeri
 - Hildur Kristín fundaritari
 - Særún meðstjórnandi og tengiliður okkar inn í skólaráð
 - Reynir meðstjórnandi (tengiliður við nemendaráð, fjáröflun elsta stigs)
 - Selma meðstjórnandi
 - Lára, varamaður
 - Sólveig, varamaður og tengiliður við foreldrarölt
- Tenging ofangreindra aðila við mismunandi stig grunnskóla:
 - Axel og Hildur yngsta stig.
 - Særún og Selma miðstig.
 - Reynir og Karen elsta stig.
- Það sem gengur fyrir fyrstu verkefnum stjórnarinnar er að:
 - Stofna foreldrafélagið.
 - Fara í fyrirtækjaskrá og fá kennitölu.
- Reynir kemur á framfæri fyrirspurn um hvort hægt sé að hækka laun kennaranna sem sjá um foreldraleikfiminna.

Eldri félagar mæta: Guðni fyrrum formaður Digranesskóla, Gerður fyrrum formaður og gjaldkeri Hjallaskóla, Halla fyrrum ritari, Magnea og Sigrún skólastjórar.

- Rædd símaskrá; hvort hægt væri að nálgast upplýsingar um heimili og símanúmer skólafélaga barnanna.
 - Hægt að setja í Mentor en kostnaður mikill.
 - Spurning um að setja upp í Exel og ljósrita upplýsingar fyrir þá foreldra sem vilja. Jafnvel að senda skjölin í pósti til foreldra.
 - Klára símaskráumræðu með skólum.
- Gamla stjórn fer yfir það sem ný stjórn þarf að ganga í:
 - Tilkynna nýja stjórn, senda á Heimili og skóla.
 - Ganga frá hvernig umsamin félagsgjöld verða innheimt.
 - Stungið upp á að senda í heimabanka á þá sem hafa slíkan banka en senda seðil á rest.
 - Prófkúruhafar: Axel og Sigurður.
 - Skólastjóri þarf að skrifa undir plagg hver verður prófkúruhafi.
 - Stofna þarf reikning.
 - Spurning um debetkort.
 - Fyrri gjaldkeri lagði út fyrir hlutum og hélt kvittanir.
 - Fá fyrirlestur frá Heimili og skóla fyrir fulltrúaráðsfund. Farið yfir hlutverk bekkjarfulltrúa og stjórnar.
 - Laufabrauð og jólaföndur er það sem er næst á dagskrá.

- Samstarf bekkjarfulltrúa og foreldraráðs.
 - Reynir valinn tengiliður efsta stigs varðandi laufabrauðsgerð.
 - Talað um að setja laufabrauðabakstur í grenndarstarf, fá bæði eldri borgara og leikskólabörn með.
- Rætt var um fjáröflun elstu bekkjana.
 - Útskýrt af hverju bæði 9. og 10. bekkur eru að fara út. 9. bekkur í Hjallaskóla varð af utanlandsferð sinni, fær að fara núna í staðinn.
 - Spurning um að afla fjár með því að hækka verð á kökum fyrir laufabrauðsgerð og selja vöffur.
 - Athuga nýjar leiðir í fjáröflun:
 - Tónleikar; fá foreldra barna sem eru í tónlistinni til að halda tónleika.
 - Mynda nefnd með foreldrum sem heldur utan um fjáröflun. Ef það gengur ekki þá að fá bekkjarfulltrúa inn í nefnd og tengilið úr stjórn. Stungið upp á að Reynir verði sá tengiliður.
 - Sigrún ítrekar mikilvægi þess að foreldrar taki virkan þátt í fjáröflun, að nemendur fái stuðning frá þeim og að foreldrar þeirra kynnist sín á milli.
 - Stjórn foreldrafélagsins kemur með uppástungur og útteilir verkefnum.
 - Jólaföndur; rætt um mikinn kostnað á bakvið jólaföndrið. Skilar ekki hagnaði, meira gert fyrir stemmninguna.
 - Taldir upp atburðir sem eru á dagskrá í vetur:
 - Foreldrafélagið hefur gefið skólum ostakörfu í jólagjöf.
 - Páskabingó.
 - Öskudagur; skóli verður þann dag.
 - Allir mæti í búningum.
 - Ball í skólanum.
 - Kötturinn sleginn úr tunnunni.
 - Foreldrafélagið hefur styrkt nemendur í 7. bekk um 1000 kr á barn fyrir Reykjarferð. Ferðin kostar 18.500 kr á barn.
 - Vorhátíð:
 - Selt kaffi og pylsur.
 - Hoppukastalar.
 - Stungið er upp á að hafa sölubása á vorhátíðinni. Einnig að tala við leikskólana í kring, bjóða þeim að vera með.
 - Alþjóðadagurinn.
 - Rætt um nýbúadeild.
 - 60 manns þar í dag.
 - Sigrún bendir á mikilvægi tilveru nýbúadeildar, hve illa sumir nemendur spjara sig utan hennar.
 - Stungið upp á að hringja í bekkjarfulltrúa til að minna á fundi; hugsanlega betri mæting fyrir vikið.

- Ráðgert að hafa heimasíðu öflugra. Setja inn fréttabréf, fjáröflun, atburði sem eru framundan o.s.frv.
 - Árni smíðakennari er umsjónarmaður heimsíðu. Spjalla við hann um að:
 - Hafa tilkynningu á síðunni ef eitthvað nýtt kemur þar inn.
 - Uppástunga kom um að búa til upplýsingatækninefnd. Virkja nemendur af elsta stigi til að sjá um tæknihlíð heimasíðu.
 - Spurning um að láta einhvern í stjórninni fá aðgang að heimsíðu til að setja inn efni.
- Virkja Drop box. Hildur sendir póst á Höllu og hún sendir til baka notendanafn og lykilorð fyrir Drop box.
- Eldri stjórn falið að taka saman eignir gömlu félaganna og skila til nýrrar stjórnar sem fyrst.
- Hlutverk stjórnar foreldrafélagsins er að:
 - Halda utan um viðburði á vegum nemenda/foreldra.
 - Koma með uppástungur til bekkjarfulltrúa, nemenda, skóla o.s.frv.
 - Útdeila verkefnum.
 - Að velja fulltrúa úr stjórn foreldrafélagsins til að tengjast inn í nemendaráð.
 - Stungið upp á að Reynir sjái um það.
 - Karen og Sólveig verða fulltrúar stjórnar við foreldrarölt.
- Særún mætir á stofnfund skólaráðs, 14.október næstkomandi.
- Þurfum að fá lista yfir bekkjarfulltrúa.
- Lagt til að fulltrúaráðsfundir verði skiptir niður eftir stigum:
 - Fundur fyrir yngsta stig
 - Fundur fyrir miðstig
 - Fundur fyrir elsta stig
- Athuga að hafa foreldrasáttmálsfundi reglulega.
 - Þarf að hafa einn fund til að útskýra samning og skrifa undir hann.
 - Athuga að nálgast reglugerð um foreldrasáttmálann.
- Sigrún leggur til að stjórnin selji peysur merktar skólanum í fjáröflunarskyni. Sá sjóður yrði nýttur til góðs.
- Ákveðið að hafa stjórnarfund sama dag aðra viku mánaðar, á mánaðafresti.
 - Ætlum að nota doodle.is til að ákveða daginn.
- Foreldrarölt:
 - Karen kom með ábendingu um að hafa meiri fyrirvara á boðun í foreldrarölt.
 - Hver bekkur röltir 2x yfir veturinn.
 - Sólveig lagði til að það yrði tvo föstudaga í röð.
 - Karen fannst betra að það yrði einu sinni á önn.
 - Ákveðið að setja í hendur nefndar sem sér um foreldrarölt.
 - Stjórnin tekur fyrsta rölt.
 - Röltnefndin tekur annað rölt.
 - Rætt hvar rölttaska ætti að vera.

- Nokkrar uppástungur, aðallega til að halda betur utan um hvort röltið eigi sér stað. Engin niðurstaða í málinu. Röltnefndin tekur umræðu aftur upp.